

Þriðjudaginn 20. ágúst 1985.

Nr. 185/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Halldóri Lárusi Péturssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 15. þ.m., sem barst Hæstarétti 16. s.m. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. ágúst 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 15. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Halldóri Lárusi Péturssyni, atvinnulausum, með lögheimili að Meistaravöllum 17, dvalarstað að Kötlufellu 9 hér í borg, fæddum 6. mars 1958 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 6. nóvember nk., kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur síðan í fyrri viku unnið að rannsókn á innbrotsþjófnuðum úr íbúðum í Reykjavík og víðar, þar sem stolið var

verulegum verðmætum, svo sem skartgripum, frímerkjum, hljómflutnings-tækjum og fleiru. Þegar hafa sjö aðiljar verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna mála þessara.

Kærði Halldór Lárus Pétursson hefur verið grunaður um að hafa átt einhvern þátt í málum þessum, og var hans leitað frá því þriðjudaginn 6. ágúst þar til þriðjudaginn 13. ágúst, er hann fannst í íbúð í Kötluelli 9 hér í borg. Kærði neitaði að koma til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, og gekk úrskurður um hútleit og handtöku hans.

Við hútleit á heimili kærða og í bifreið hans fundust munir, sem talið er, að sé þýfi úr innbrotum þeim, sem rannsókn beinist að.

Kærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins í gær og fyrir dómi. Kærði neitaði alfarið að hafa verið í nokkrum afbrotum undanfarið. Hins vegar liggja fyrir í málinu framburðir annarra kærðu, sem hafa borið um veru kærða, Halldórs Lárusar, að Háaleitisbraut 37, þar sem hluti þýfis úr framangreindum innbrotum fannst. Kærði Hermann Ólason hefur borið að hafa komið að Háaleitisbraut 37 sunnudagskvöldið 4. ágúst sl. og séð þar mikið magn af skartgripum og hafi þeir verið að reyna að selja þá „Dolli“, það er Halldór Lárus Pétursson, Sigurður Stefán Almarsson, Sigmundur Heiðar Árnason og Kristján „rauði“. Kærði Guðmundur S. Jónsson hefur borið, að „Dolli“ hafi verið í íbúðinni að Háaleitisbraut 37 mánudagskvöldið 5. ágúst ásamt fleirum og þýfið þá enn verið í íbúðinni, það er að segja skartgripir og fleira. Kærði Halldór Lárus hefur hins vegar borið að hafa verið heima hjá sér á sunnudag og mánudag.

Kærði Rúnar Bergsson hefur borið í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hafi afhent Halldóri Lárusi myndbandstæki í lok júlí, er kærði Rúnar hafi sviðið út. Kærði Halldór Lárus hefur alfarið neitað þessu.

Kærði hefur enga atvinnu stundað að eigin sögn, en leigir íbúð ásamt stúlku að Kötluelli 9. Að sögn hennar hefur kærði ekki unnið neitt síðan þau hófu sambúð fyrir einu og hálfu ári.

Kærði er sibrotamaður, sem aflar sér fjár með afbrotum. Kærði hefur hlotið þunga dóma fyrir stórfelld fíkniefnabrot, en auk þess hefur hann hlotið dóma fyrir þjófnaði.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur sent ríkissaksóknara mál, þar sem kærði er grunaður um auðgunarbrot og skjalafals. Í sakadómi Reykjavíkur er ódæmd ákæra, dagsett 14. mars sl., þar sem hann er ákærður fyrir hlutdeild í þjófnaði og fjársvikum.

Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn þessara mála er vel á veg komin, en þó hvergi nærri lokið, og töluvert þýfi enn ófundið. Verulegs misræmis gætir í framburði kærða og annarra kærðu, er tengjast málum þessum.

Veruleg hættu er á, að kærði haldi áfram afbrotum, meðan málum hans er enn ólokið. Þykir því rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, þegar allt framanritað er virt, með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 6. nóvember nk., kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Halldór Lárus Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 6. nóvember 1985, kl. 17:00.

Miðvikudaginn 28. ágúst 1985.

Nr. 191/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Hermanni Ólasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. þ.m., er barst Hæstarétti 23. s.m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem segir í hinum kærða úrskurði, stendur yfir rannsókn út af mörgum innbrotshjúfnum, sem framdir hafa verið í sumar, og eru margir sakaðir um þátttöku í þeim brotum. Telja verður ástæðu til að ætla, að varnaraðili sé þar á meðal, enda hefur hann kannast við, að hann hafi keypt muni, sem ætla verður, að aflað hafi verið með auðgunarbrotum. Þykir verða að telja hættu á, að það torveldi rannsókn málsins, ef varnaraðili verður látinn laus. Ber þannig með heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.